

SAMÞÆTT LESFIMIKENNSLA

(fluency oriented reading instruction)

Aldurshópur

Aðferðinni er ætlað að efla lesfimi nemenda og var hún í upphafi þróuð fyrir nemendur í 2. bekk en hún getur einnig nýst eldri nemendum sem þurfa að ná betri tókum á lesfimi. Samkvæmt aðferðinni má vinna með heilum bekk eða minni hópum.

Um aðferðina

Unnið er með sama textann fimm daga í senn (sjá töflu) og er textinn einnig þjálfður heima eftir því sem við á. Aðferðin skilar mestum árangri ef sá tími, sem nemendur verja við lestur á samfelldum texta, nær 20-30 mínútum á dag en árangur er einnig háður því að kennarar fylgi kennsluáætluninni til hlítar. Í fyrstu er það ekki aðalatriði að nemendur nái að umskrá öll orð í texta en það er mikilvægt að kennari gangi á milli, fylgist með virkni nemenda og hjálpi þeim á rétt ról ef þeir týnast í texta (gott að nota fingurinn).

Markmið aðferðar

- Að efla lesfimi nemenda.
- Að styðja nemendur í átt að aukinni lesfimi í gegnum stigskiptan stuðning.
- Að nemendur tileinki sér öruggt og gott lestrarlag.

Gögn

Eintak af texta handa öllum. Texti á áreynslustigi (sjá *Spurt og svarað um lestrarþjálfun á Læsisvef*) gefur mest í aðra hönd en gæta þarf meðalhófs vegna ólíkrar getu nemenda. Reynsla og innsæi kennara er gagnlegast í þessu tilliti og eru kennarar hvattir til að vera óhræddir við að prófa sig áfram. Athugið að lengri textar henta betur til að þjálfa gott lestrarlag.

Kostir aðferðar

- Nemendur fá tækifæri til að kynnast lesefni sem þeir ráða ekki við á eigin spýtur og þannig fá þeir að kynnast ríkari orðaforða en ella.
- Unnið er með texta á kerfisbundinn hátt en það hentar sumum nemendum vel að vita fyrirfram hvað bíður þeirra.
- Aðferðin minnkar álag á kennara við skipulagningu formlegrar lestrarkennslu.

	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3	Dagur 4	Dagur 5
Lestur	Kynning á sögu* Hlustun: Kennarinn les textann upphátt og nemendur fylgjast með í eintakinu sínu.	Bergmálslestur Kennarinn les fyrst eina línu, málsgrein eða efnisgrein upphátt, allt eftir getu nemendahópsins og nemendur bergmála lestur kennarans.*	Kórlestur Kennari og nemendur lesa textann upphátt saman.	Félagalestur Nemendur þjálfa lestur textans í pörum. Annar les textabrot upphátt og hinn fylgist með, styður og leiðréttir ef þarf. Í seinni umferð skiptast þeir á textabrotum.*	Tillögur að úrvinnslu – Munnleg samantekt á efni texta. – Frekari vinna með nýjan orðaforða. – Ritun í tengslum við efni textans.
Áhersla	Kennarinn les textann upphátt og leyfir nemendum að heyra hvernig gott lestrarlag hljómar. Kennarinn fjallar um orðaforða sem skiptir máli fyrir skilning á efni textans.	Að tryggja lesskilning með því að staldra við af og til og spyrja út í efni texta eða orðaforða.	Flæði texta – kennari fylgist með hvaða nemendur hafa náð góðum tókum á lestri textans.	Flæði texta – kennari fylgist með hvaða nemendur hafa náð góðum tókum á lestri textans.	– Unnið út frá spurningum nemenda frá degi 2. – Stuttur upplestur. – Sóknarskrift. – Mat á frammistöðu nemenda.
Tillögur að úrvinnslu	Umræður um efni texta, orðaforða og tengsl texta við bakgrunnþekkingu og reynslu nemenda.	Unnið með orðaforða textans. Gerð spurninga þar sem nemendur spyrja hver annan út í efni textans.	Óundirbúinn kórlestur.*	Kórlestur í pörum – stutt textabrot lesin fyrir bekkinn.	
Heimalestur	Þjálfun í heimalestrarbók.	Textinn þjálfaður heima með stuðningi foreldra.	Nemendur sem hafa ekki náð tókum á texta þjálfa hann heima undir leiðsögn foreldra. Aðrir þjálfa í heimalestrarbók/texta að eigin vali.	Nemendur sem hafa ekki náð tókum á texta þjálfa hann heima undir leiðsögn foreldra. Aðrir þjálfa í heimalestrarbók/texta að eigin vali.	
Athugasemd*	Forspá út frá mynd, titli eða bókarkápu, unnið með lykilorð og hugtök eða bakgrunnsþekking nemenda styrkt.	Athugið að lesa nægilega langa kafla þannig að nemendur nái ekki að endurtaka texta eftir minni.	Lesarar velja sér línu í texta sem þeir ætla að lesa. Stundum les einn línuna, stundum fleiri en kennarinn les línuna sem enginn valdi sér. Hljómar skemmtilega ef vel tekst til.	Skipting á texta ræðst af lengd hans og gott er að kennari gefi skýr fyrirmæli varðandi það hvernig honum er skipt áður en lestur hefst (t.d. önnur hver blaðsíða, önnur hver efnisgrein).	